



Reykjavík, 23. mars 2026

IER25030010

LF/SG

Borgarstjórn og borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Umsögn endurskoðunarnefndar varðandi skýrslu ráðgefandi hæfnisnefndar um umsækjendur um starf innri endurskoðanda

Samkvæmt samþykkt fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar, sem samþykkt var í borgarstjórn 20. desember 2011 en var breytt á fundi borgarstjórnar 2. september 2025 og aftur þann 3. febrúar 2026, er það nýtt og breytt verkefni nefndarinnar samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 2. gr. samþykktarinnar að gera umsögn um skýrslu ráðgefandi hæfnisnefndar um umsækjendur um starf innri endurskoðanda. Endurskoðunarnefnd hefur ítrekað fjallað um ráðningarferli innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar á fundum sínum og fundað með stjórnendum borgarinnar um ferlið. Nefndin lagði fram bókun á fundi nefndarinnar þann 18. desember 2025 um m.a. annmarka á ráðningarferli, sjálfstæði og óhæði innri endurskoðanda. Að mati nefndarinnar stangast ráðningarferlið á við góða stjórnarhætti.

Starf innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar var auglýst laust til umsóknar í febrúar sl. og var umsóknarfrestur til 2. mars 2026. Í samræmi við reglur um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður var skipuð ráðgefandi hæfnisnefnd sem starfaði eftir erindisbréfi frá borgarstjóra sem dagsett var 13. febrúar 2026. Þann 12. mars 2026 lagði hæfnisnefndin fram greinargerð á fundi borgarráðs um fyrri skref ráðningarferlisins. Nefndin skilaði þann 19. mars sl. lokaskýrslu um störf sín sem var send endurskoðunarnefnd til umsagnar. Í skýrslunni kemur fram mat ráðgefandi hæfnisnefndar á því hvaða umsækjandi teljist hæfastur miðað við skilgreind hæfniviðmið. Byggt á vinnu hæfnisnefndarinnar og heildstæðu mati á umsækjendum er það mat hæfnisnefndar að Ingunn Ólafsdóttir, fagvottaður innri endurskoðandi (CIA og CRMA) og starfandi innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar, sé hæfust af umsækjendum til að gegna starfi innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar gerir ekki athugasemdir við niðurstöður ráðgefandi hæfnisnefndar um umsækjendur um starf innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst,

f.h. endurskoðunarnefndar

Lára Finnþórunn, formaður